


# Ungmenna-húsið í Rósenborg

Haust 2018 og vor 2019



# Efnisyfirlit

<b>Ungmenna-húsið í Rósenborg</b>	<b>1</b>
<b>Um Ungmenna-Húsið</b>	<b>2</b>
<b>Listir og menning</b>	<b>3</b>
<b>Klúbbar, félagasamtök, vinir og einstaklingar.</b>	<b>4</b>
<b>Virkið</b>	<b>5</b>
<b>Ráðgjöf og stuðningur, ýmis verkefni.</b>	<b>9</b>
<b>Hugleiðingar um framtíðina hjá UH.</b>	<b>10</b>
<b>Þátttaka - vísbendingar</b>	<b>11</b>

# Um Ungmenna-Húsið

Ungmenna-Húsið er upplýsinga- og menningarmiðstöð fyrir ungt fólk frá 16 ára aldri. Boðið er upp á innihaldsríka og uppbyggilega starfsemi á sviðið menningar, lista, fræðslu og tómstunda. Starfsfólk Ungmenna-hússins hjálpar ungu fólki að koma góðum hugmyndum í framkvæmd og veitir aðstöðu fyrir starfseminum. Í Ungmenna-Húsinu eru starfandi ýmsir hópar og klúbbar, boðið er upp á ráðgjöf og stuðning fyrir ungt fólk um ýmis mál og eiga ýmsir hópar hér griðastað. Rýmin og aðstaðan er vel nýtt og þörf á að bóka aðstöðu fram í tímann þar sem ekki er hægt að ganga að því sem vísu að aðstaðan sé laus.

Segja má að starfsemin skiptist í nokkra megin þætti:

- Virkið – ráðgjöf og stuðningur, forvarnir og samskipti.
- Opið starf - ýmsir hópar, lokaðir hópar.
- Menning og listir – Skapandi sumarstörf

Sumir hópar og verkefni eru stýrð af starfsfólki að öllu leyti eða að hluta til í samvinnu við ungt fólk en einnig er þó nokkuð um að ungmennin sjálf skipuleggi alfarið sitt starf eða verkefni.

Opnunartími: Mán - fim 08.00-22.00. Föstudagar frá kl 08.00 – 16.00

Fjöldi starfsmanna er fjórir. Þrír starfsmenn í 100% stöðuhlutfalli, umsjónarmaður og verkefnisstjóri vinnuskóla og sérfræðingur í atvinnumálum/Virkið, einn sérfræðingur í menningarmálum í 70%stöðugildi og svo einn í tímavinnu.



## Listir og menning

Ungmenna-Húsið sinnir menningu ungs fólks með fjölbreyttum hætti og ræður tíðarandinn mestu þar um. Vert er að nefna listasalinn Braga sem er sýningarrými og lifandi vinnustofa fyrir ungt fólk. Haldnar voru þó nokkrar listasýningar síðasta vetur og voru ágætlega sóttar. Hljóðstúdíóið og upptökurými fyrir tónlistarfólk hefur það verið nýtt vel nýtt í vetur en ungir tónlistarmenn hafa verið duglegir við að prófa sig áfram í upptökum á lifandi hljóðfærum. Æfingaaðstaðan og hljóðstúdíóið eru nú þegar bókuð flesta daga frá því seinnipart og framá kvöld. Viðburðasalurinn er vel útbúinn og er í notkun alla daga við afar fjölbreytta iðju. Má sem dæmi nefna námskeiðahald, leiklistaræfingar, jóga, dans og tónleika einnig var í vetur galdranámskeið og sýningar fyrir börn og fullorðna, leiklistaræfingar hjá yngri krökkum, just dance dansklúbb og dungeons and dragons spilaklúbb. Í boði er að fá vinnustofurými fyrir ungt fólk en ungmennin geta sótt um vinnuaðstöðu gegn ákveðnum skilyrðum og skyldum við starfsemi Ungmenna-Hússins og er samningurinn gerður til eins árs í senn. Í menningarstarfinu leggjum við áherslu á að aðstoða ungt fólk til þess að stunda frjálsa listsköpun á sínum forsendum. Þá er gaman að segja frá því að það var mikil eftirspurn eftir vinnurýmum frá útskriftarnemum við listnámsbraut VMA sem vildu fá aðstöðu til þess að klára lokaverkefni sín. Rýmið er vel nýtt, 7 til 8 ungir listamenn eiga aðsetur þar.



**Stærri viðburðir.** Ungmennahúsið stóð fyrir nokkrum stærri viðburðum í vetur s.s. *stuttmyndahátíðinni Stulli* sem haldin var nú sem hluti af Barnamenningarhátíð, Þar var met þáttaka í ár en alls 15 myndir tóku þátt. Hátíðin var síðan haldin í Menningarhúsinu Hofi með hátíðlegum hætti. *Hömlulaus*, sem er viku fjöllistahátíð með námskeiði og sýningarhaldi, Í hömlulaus í ár var ákveðið að vinna með endurnýtingu efna og unnið var með það þema í gegnum tísku og fatahönnun, í samstarfi við Brynhildi



Þórðardóttur fatahönnuð og búin til ný föt úr

gömlum Hráefnið var sótt til Rauða kross Íslands. Alls skiluðu sér fjögur fullunnin verk í Hömlulaus og gekk verkefnið mjög vel. Svo má nefna *Molasykur*, sem er tónleikaröð. *Ungskáld* er svo verkefni sem vert er nefna en það er í samstarfi við Amtsbókasafnið, MA, VMA og Akureyrarstofu. Verkefnið er bæði keppni í ritlist og svo haldin ritlistarsmiðja, í ár voru leiðbeinendur þau Bibbi í Skálmöld og Guðrún Eva Mínervudóttir rithöfundur, 30 ungmenni tóku þátt í smiðjunni. Verkefnið var ákaflega vel sótt og var sigurvegarinn í ritlistarkeppninni Anna Kristjana með ljóðið -án titils. Alls bárust 82 verk í keppnina sem er tvöfalt meira en í fyrra. Til að geta boðið upp á stærri viðburði sem þessa er nauðsynlegt að sækja styrki.

**Bein þátttaka** í þessum verkefnum er allt frá 10 og upp í 70 einstaklinga en allir þessir viðburðir eiga það sameiginlegt að hafa líka óbeina þátttöku.

## Klúbbar, félagasamtök, vinir og einstaklingar.

**Ýmsir klúbbar** eiga athvarf í Ungmenna-húsinu og er áhersla lögð á að ná til þeirra ungmenna sem eiga sér ekki samastað í öðru tólmstundastarfi. Má þar nefna spilahópa ýmiskonar og er verið að undirbúa samstarf við verslunina Nexus. Sótt var um styrk til þess að búa til námskeið fyrir Nexus noobs og er ætlað ungmennum á aldrinum 15 til 20 ára og er markmiðið að bú til öflugt félagsstarf fyrir þetta jaðaráhugamál. Það eru á bilinu 10 – 20 ungmenni sem spila saman einu sinni til tvisvar í viku.

**Samtökin hinsegin norðurland** telur í kringum 20-30 ungmenni og þarf sá hópur töluverðan stuðning og leiðsögn frá starfsfólki UH.

**Samtök skiptinema, AFS** eiga líka bækistöð hjá okkur og eru með nokkrar kynningar yfir veturinn fyrir ungt áhugasamt fólk um verkefni erlendis. Á vorönn mættu AFS samkvæmt venju mæta með alla skiptinamana sína og gistu í UH og taka þau þátt í ýmiskonar verkefnum.

**Skiptinemar.** Á haustönninni kom ósk frá Háskóla Akureyrar um stuðning við erlend ungmenni sem koma hingað í skiptinám. Komið var á sambandi við hópinn og þeim boðið að nýta sér aðstöðuna. Úr varð að þau mæta að minnsta kosti einu sinni í viku og gera eitthvað saman og við með þeim. Þau eru á bilinu 20-30 í hvert skipti, þau eru ákaflega dugleg að mæta og greinilegt að þörf var fyrir þennan hóp að eiga athvarf og fá leiðsögn um ýmislegt þegar flutt er á nýja staði. Þannig hefur þessi hópur auðgað flóruna sem í Ungmennahúsinu er.

**Sköpun og samvera.** Þá er vert að minnast á allan þann fjölda vina og einstaklinga sem koma til okkar til þess að hangsa, spjalla, hitta fólk, horfa á video, fara í leikjatölvur, mála, teikna, spila á hljóðfæri og svona mætti lengi áfram telja. Fyrir mörg þeirra erum við fastur punktur í tilverunni.

**Forvarnir.** Hér hefur verið aðeins sagt frá nokkrum dæmum um verkefni en þau eru mun fleiri og starfsfólkið er alltaf að leitast eftir nýjum og spennandi verkefnum. Rauður þráðurí öllu starfi er alltaf sá sami, að styrkja einstaklinginn og virkja hann og auka þátttöku með fjölbreyttum leiðum s.s. hópastarfi, einstaklingsamtölum og kynninga- og fræðslustarfi. Má m.a. nefna fyrirlestra sem haldnir hafa verið í samvinnu við MA og VMA, viðfangsefni eru mismunandi s.s. kynfræðsla, sjálfsmynd o.fl.

## Virkið

Á bak við Virkið standa fjórtán samstarfsstofnanir sem sameinast um verkefnið en þær veita allar ýmiskonar þjónustu við þennan viðkvæma og verðmæta aldurshóp. Gerður var samstarfssamningur á haustdögum 2017 og er markmið hans að bæta þjónustu við ungt fólk á krossgötum með því að: auðvelda aðgengi fyrir notandann, veita snemmtæka íhlutun, minnka líkur á að fólk falli á milli kerfa, samþætta þjónustu og úrræði, auðvelda tilvísunaraðilum að koma málum í réttan farveg og móta virkniúrræði. Með samstarfi þessu og þeirri nálgun sem verkefnið felur í sér, er unnið markvisst með vanvirkni, slaka sjálfsmynd og leiða ungs fólks. Sé ekki gripið inni er mikil hættu á að ungmennið nái ekki að mennta sig né vera á vinnumarkaði og er líklegt til að enda á örorku. Með inngrip aukast líkur á farsælli innkomu á vinnumarkað eða skóla til framtíðar. Á síðasta ári hefur mikil umræða verið um verkefni *Bjarg Headspace* í Reykjavík og hefur sú hugmyndafræði þótt til fyrirmyndar en Virkið

byggir á svipaðri hugmyndafræði en hefur þróast hér út frá þörfum þess umhverfis sem hér er.

Fram að áramótum 2018-2019 hafði verið tímabundinn samningur við starfsmann Ungmennahúss að sinna verkefnisstjórn Virkisins. En um áramót 2018-2019 tók Akureyrarbær ákvörðun um að bæta við stöðuhlutfall eins starfsmanns 30 % til að sinna þessu hlutverki sem samstarfssamningurinn kveður á um ásamt því að auka við námskeiðahald og stuðning við ungmenni.

**Í Virkinu** er tekið á móti ungu fólki, foreldrum og/eða aðstandendum og reynt eftir fremsta megni að finna úrræði sem henta hverjum og einum eða lausn tilheyrandi vandamáls.

Ungmenna-Húsið hefur haldið utanum að boða alla fundi Virkisins, haldið saman gögnum og séð um samskipti við samstarfsaðila. Búið var til sameiginlegt yfirlitsskjal þar sem tengiliðir hveftrar stofnunar og verkefni eru listuð upp, þannig geta samstarfsaðilar séð hvort og þá hvar þeirra skjólstæðingar eigi mögulega heima í úrræðum. Vorið 2018 var unnið að því að gera skjal fyrir upplýst samþykki svo samstarfsstofnanir geti rætt um mál ungmenna með lausn í huga. En það er m.a. tilgangurinn með Virkis-samstarfinu, að með samtali á milli allra aðila getum við fléttað inn í það sem þarf hverju sinni, deilt kostnaði sem og mannaúði. Á fundum samstarfsaðila hefur skarplega komið í ljós þörf á úrræðum vegna ungmenna í fíkniefnaneyslu sem og áfangaheimili fyrir þau sem eru að vinna sig út úr neyslu.

**Námskeið í Ungmennahúsi.** Samstarf hefur verið við Vinnumálastofnun vegna námskeiða fyrir ungmenni sem eru án virkni og hefur komið að því að fjármagna ýmis námskeið eða fræðslu fyrir ungmenni. Ungmenna-Húsið hefur hannað þau námskeið og séð um daglega starfsemi, stuðning og kennslu. Ungmennahúsið hefur boðið upp á ýmis námskeið í vetur s.s. “Koma svo ég” grunn- og framhaldsnámskeið voru í gangi í allan vetur, námskeið fyrir ungmenni með geðraskanir einnig ásamt þessu er ráðgjöf til einstaklinga sinnt og þeim vísað inn í önnur viðeigandi úrræði

Alls hafa tekið þátt í námskeiðum á vegum Ungmennahúss um 50 ungmenni í mislangan tíma. Gerð er dagskrá þar sem ungmenni mæta í hálfan dag, alla virka daga vikunnar.

Heimastöð námskeiðanna er í Rósenborg en dagskráin er fjölbreytt og rauður þráður er sjálfstyrking, þátttaka og virkni. Einnig er mikil áhersla lögð á vinnumarkaðinn og farið er í ýmsar kynningar og vinnustaðaheimsóknir. Í lok vetrar voru allir komnir í einhverskonar áframhaldandi virkni, sumarvinnu eða atvinnuáttak Akureyrabæjar. Ljóst er að þessir einstaklingar þurftu allir langtíma úrræði.



## **Hvernig og hver á að þjónusta ungmenni í neyslu ?** Samstarf var aukið á milli

Fjölskyldusviðs og Ungmenna-Hússins varðandi ungmenni í neyslu og þau sem eru að koma úr neyslu. Yfirleitt enda mál einstaklinganna í minni teymum og oftast en ekki leiðir starfsmaður í Ungmenna-Húsi teymisstarfið.

Ljóst er að nauðsynlegt er að mæta þörfum þessa hóps betur, hann er ekki mjög stór en afar dýrt er á alla vegu að taka ekki betur utanum þann hóp. Samtal hófst í vor meðal samstarfsaðila Virkisins og stefnt er að því að senda inn til fjárlaganefndar fyrir gerð fjárlaga í haust rökstudda beiðni um fjármagn til að mæta þessum ungmennum.

Í undirbúningi er að gera þríþætta umsókn,

1. Námskeiðahald
2. Heimili fyrir fíkla
3. Áfangaheimili fyrir ungmenni sem eru að koma úr neyslu og þurfa þjálfun inn í samfélagið  
Áfangaheimili hefur verið starfrækt í Hamratúni á Akureyri en þeirri starfsemi var breytt í vetur og er ekki lengur áfangaheimili. Ætlunin er að þessi vinna fari fram sumar og haust 2019.

**VMST og Símeý** voru í samstarfi um námskeið sem kallast “*Stökkpallur*” og vísuðum við einstaklingum inn á það námskeið og gafst það vel en einnig tók Ungmenna-Hús þátt í kennslu.

**SAK- hópur.** Samstarf og samtal milli Ungmenna-Hússins og geðdeildar SAK var aukið og útkoman er sameiginlegt námskeið sem haldið var í Ungmennahúsinu í vetur og er markmiðið að koma ungmennum inn í samfélagið aftur. Þessi ungmenni hafa greinst með geðraskanir, eru m.a. félagslega einangruð og skortir nokkur af þeim verkfærum sem nauðsynleg eru til að vera virkur samfélagsþegn. Þessi hópur er afar viðkvæmur og þarf mikinn langtíma stuðning. Mikilvægt er fyrir þennan hóp að eiga opnar dyr að stað sem ekki er eyrnamerkur neinu sérstöku öðru en ungu fólki.

**Arctic circle og Voice of youth.** Síðast liðið vor sóttum við um styrk hjá Erasmus til að halda fund með ráðamönnum og úr varð að við fórum með ungmenni á Arctic Circle Assembly haust 2018. Við fengum ungmenni úr ungmennaráði heimsmarkmiðana, úr ungmennaráði Akureyrar og svo komu ungmenni sem voru á flóttu en komin með búsetu hér á Akureyri. Þau voru með einn viðburð á Arctic Circle, svokallað “Breakout session” þar sem við buðum fólki að koma og hlýða á raddir þeirra. Verkefnið fékk heitið Raddir ungs fólks / The Voice of Youth, viðburðirinn var vel sóttur, þau fluttu 4 erindi sem þau höfðu undirbúið. Málefni

voru um geðveiki ungs fólks og aðgengi, um sjálfsvíg, um það vera flóttamaður á Íslandi í íslensku skólakerfi og svo kynntu ungmennaráð heimsmarkmiðana sína vinnu. Þáttaka í slíkum verkefnum fyrir ungmenni opnar fyrir þeim dyr að nýjum áskorunum og hefur skipt máli fyrir ungmenni sem hafa ekki fundið sig í hefðbundnari verkefnum.

**Virkinu** var boðin þátttaka í alþjóðlegu verkefni sem kallast Community Guarantee eða COGU þar sem fjögur lönd taka þátt í að rýna í starf sem unnið er í þágu ungmenna. Á vordögum 2019 verður gefin út rafrók fyrir youthworkers í Eistlandi sem að sjálfsögu allir geta nýtt sér. Þátttöku löndin eru Ítalía, Eistland, Portúgal og Ísland. Verkefnið hefur tekið tvö ár. Í þetta verkefni fóru saman einn starfsmaður frá Ungmenna-Húsinu og svo annar frá VMST. Í fyrstu heimsókninni sem við fórum í, þá kom í ljós að Virkið var eitt af „best practice“ að mati þátttakenda og áhugi er á meira samstarfi hjá öllum þátttakendum og á að koma til okkar á Akureyri til að kynna sér Virkið.

„**Að míga í saltan sjó**“ er verkefni sem unnið er í samvinnu með þeim sem standa að Eikarbátnum Húna II, Fjölskyldusviði og Barnavernd og verkefnastýrum við í Ungmenna-Húsinu það verkefni. Síðastnefnda stofnunin fann þá einstaklinga sem gátu nýtt sér þetta verkefni og á endanum fóru 4 stúlkur í ferðina af 7 mögulegum. Alls var verkefnið 3 sólahringar um borð í Húna.. Stúlkurnar lærðu um almenna sjómennsku og veiðar. Þær voru mjög áhugasamar og viljugar að vinna þau verk sem að þeim var rétt. Ferðin fór vel í stúlkurnar sem og áhöfnina og er þetta klárlega verkefni sem þarf að taka á hærra stig. Haft var samband við forráðafólk stúlkanna og voru þau öll mjög jákvæð með verkefnið og bíða eftir fleiri úrræðum.

**Dagleg vetrarstörf.** Ungmennahúsið hefur boðið uppá *Dagleg vetrarstörf* í vetur. Þar geta samstarfsstofnanir vísað til okkar einstaklingum. En við bjóðum við uppá mismunandi virkni milli kl 14 og 16 alla daga og undirbýr starfsfólk Ungmenna- Húss það. Öllum er frjálst að mæta í þetta úrræði, einstaklingar geta komið án skráningar og allir samstarfsaðilar í Virkinu vísað á okkur. Við leggjum áherslu á listir, útiveru og hreyfingu og í gegnum þátttöku náum við samtali við einstaklingana. Aðsókn í þetta er ekki mikil af “götunni” en uppistaðan í mætingunni eru þátttakendur í öðrum námskeiðum.

**Streetwork og jaðarhópar.** Síðasta vetur einbeittum við okkur að því að teygja anga okkar lengra til hópa sem á þurfa að halda, ungmenni sem sækja ekki stuðning að sjálfsdáðum og hefur það gefið góða raun. En þar erum við að tala um ungmenni með geðraskanir og eða fíknivanda.

Annar jaðarhópur, ungmenni frá Sýrlandi, eru þátttakendur í verkefninu Rödd unga fólksins / The Voice's of youth sem er á lokasprettinum. En sá hópur hefur komið mjög sterkur inn í starfið. Ljóst er þó að þessi þjónusta er afar tímafrek en afar mikilvæg.

## Ráðgjöf og stuðningur, ýmis verkefni.

Starfsfólk Ungmenna-Hússins sinnir opinni ráðgjöf og stuðningi fyrir ungt fólk. Margar leiðir eru fyrir ungt fólk til að leita eftir þessari þjónustu s.s. haft samband í gegnum tölvupóst, síma eða mætt á staðinn til þess að fá aðstoð. Það sem hefur komið inn á borð eru margskonar vandamál t.d. áfengis og vímuefnaneysla, atvinnuleysi, ýmiskonar vandamál er tengjast líðan s.s. Kvíði og þunglyndi en einnig fjárhagsvandræði og margt fleira. Þá má einnig nefna samstarf við foreldra er varðar tölvunotkun og félagslega einangrun barna/ungmenna. Reynt er að koma öllum í viðeigandi úrræði/meðferð eða fundin staður á vinnumarkaði, má þar m.a. nefna að ungmenni fóru inn til SÁÁ, Stuðla, Fjölsmiðjuna og fyrirtæki eða stofnanir Akureyrarbæjar til að vinna. Aðrir fóru að mæta í starfandi hópa í UH til að kynna fólk og sinna áhugamálum. Færri “hurfu,, ekki er vitað hver staða þeirra er í dag sem er miður en raunin engu að síður og þá sérstaklega vegna vímu/áfengisneyslu að þau létu ekki ná í sig eða fluttu á brott. Þó nokkuð var um að ungmenni væru að taka DASS próf sem er sjálfsmatspróf sem mælir streitu, kvíða og þunglyndi. Það hefur reynst vel og var þeim sem komu illa út á prófinu komið áfram inn á heilsugæslu til að fá viðeigandi meðferð. Gott samstarf hefur verið við yfirsálfræðing heilsugæslunnar og það er ómetanlegt að hafa aðgang að honum þegar upp koma mál sem þarf að leysa og/eða finna þeim farveg. Það er þó nauðsynlegt að geta boðið upp á rafræna stuðningsþjónustu og þarf að skoða með viðeigandi hugbúnað fyrir það.

**Hjólabrettsmiðja Mumma.** Þar eru hjólabretti smíðuð frá grunni með strákum sem eiga við einhverskonar vandamál í lífinu að stríða s.s. gengur illa í skóla, vanlíðan, félagsleg einangrun og margt fleira. Þessi smíðja hefur verið að gefa mjög góða raun og skilar góðum árangri. Strákarnir opna sig yfirleitt fljótlega eftir að þeir byrja að smíða. Starfsmaður er m.a. að hvetja og styrkja sjálfsmynd þessara drengja á meðan vinnu stendur og reyna fyrir leiðir til að leysa þeirra vanda, hver svo sem hann kann að vera. Drengirnir fá svo að eiga tilbúið handsmíðað hjólabretti í lokin sem ætíð vekur mikla lukku.

Þá er vert að minnast á **samstarf UH, Fjölskyldudeildar og Fjölsmiðjunnar**. Það hefur verið í gangi í þó nokkur ár núna og tekur á sig hinar ýmsu myndir. Við fundum alltaf með

vissu millibili að vori og hausti, förum yfir stöðu þeirra ungmenna sem eru hjá okkur öllum og reynum að koma þeirra málum í annan og betri farveg.

VMA hefur vísað til Ungmenna-Hússins í þó nokkur ár ungmennum sem hætta í skóla og þá finnum við farveg og lausn á vanda er við á. Í upphafi skólaárs veita nemendur skólanum leyfi fyrir að hafa samband við okkur til að koma þeirra málum i viðeigandi ferli og hefur sambandið á milli VMA og UH verið mjög gott síðustu árin. Yfir vetrarmánuði eru 3-8 slíkar tilkynningar sem berast til Ungmenna-Hússins.

Það getur verið erfitt að henda reiður á það hve margir hafa nýtt sér þjónustuna nákvæmlega því ungmennin koma hér inn undir mismunandi formerkjum. Það sem í fyrstu virðist ekki vera leit að aðstoð, snýst yfir í það í einhverri mynd þegar líður á samveru og fjölda skipta sem starfsmenn hitta ungmennin. Þá eru sum vandamálin lítilfjörleg og eru skjótleyst á meðan önnur taka meiri tíma. Geta mál tekið allt frá nokkrum dögum upp í margar vikur eða upp í mánuði en þá er sambandi haldið gangandi og eftirfylgni með gangi mála.


## Hugleiðingar um framtíðina hjá UH.



Ungmenna-Húsið kemur að fjölmörgum ólíkum verkefnum. Eitt af því sem hefur verið áskorun er að halda utanum skráningu á þjónustu við ungmenni og áhugavert er að skoða með skráningar og samskiptakerfi á borð við “*Karaconnect*”. Verið er að þetta samstarfið við ungmennin af heimavistinni, að koma þeim í meiri virkni hjá okkur enda eru þau íbúar í næsta húsi. Nauðsynlegt er að taka betur utanum mál ungmenna með geð- og eða fíknivanda líkt og fram kemur í skýrslunni. Annað mikilvægt verkefni er nánara samstarf við börn og ungmenni sem stunda jaðaríþróttir, aðstoða þau betur við að koma upp aðstöðu við m.a. hjólabretta- hlaupahjóra og bmx-hjólun. Það er hópur sem er mikið útundan í kerfinu enda ekki um skipulagt íþróttastarf að ræða enn sem komið er að minnsta kosti enda eiga þau sér ekki neinn sterkan málsvara. Að lokum er vert að minnast á útivist. Það er margsannað að útivist er allra meina bót og betri skóla er erfitt að finna. Okkur langar að kynna ungmennum bæjarins betur hvað er í boða og hægt að gera á Akureyri. Fjallahjólreiðar og kajaksiglingar eru tvennt sem okkur langar að leyfa ungmennum að prófa. Vonir standa til að við getum keypt slíkan búnað til að nota með ungmennum, til að prófa eitthvað nýtt, reyna á sig og læra nýja hugsun og hreyfingu. Miðað við þann fjölda ungmenna sem sækja námskeið eða

starfsemi Ungmenna-húss þá þarf að vera til staðar fjölbreyttir möguleikar til virkni því væri afar ákjósanlegt að geta byggt upp tækjakost sem styður við fjölbreytina.

## Þátttaka - vísbendingar

Mikilvægt er að átta sig á að ekki er öll þátttaka mæld en mætingin í Ungmenna-Húsið er mun meiri en eftirfarandi tölur segja til um. Flókið er að skrá alla þátttöku í svo opið starf sem Ungmenna-Húsið býður upp á.





' tj` byi hNjI'

° Y'k d MdyMj{MI yhp<sup>1</sup>@Nk I b` | x'

@Nk fbl | fZxi ZI bBI `k ZI I Ma~yyb ySUMI MfZxi XMl ZI XMl" tHMhMYMn` ) -I M\*\*a'

. Utx Y@Nk \_jMyffYS' tsji tjX| yfY'n` ) -I b'

@M\_yk ZI I © txb'asl X'BI `k ZI I Ma~yyb y'( | Yx-I '=pxyXp{{bSy{M\_yk ZI I 'UMI MfZxi XMl ZI XMl  
" tHMhMYMn'OMxd' , xl Mkp{{b'n' :5{{p'OMj'A| jlb d yS) -I bji'=nxy{Zb I '<\{| xyynl a'

Ab' MI` | x'n` k Ml k BY© M'yo\_xT H'k | k' i xM{M Q{-x| I I M'SyTodyl MZb b' i xM{Mh` 'afZxy| ` Z\_Ml XbvM' Zx'MY'  
jZ` hM-{'d\_ZxY'dl Q{-xb I bS{MIMY{'O'fY' yb' yfQ\_M'n` \_MMf'bx'ab XxMI b' M'xyZk' k T {Mhi | x'djdb | yM' M' a° Y'  
M' i Myi b' l b` n` 'O'utx' Y'Zb y{Mj b` 'MOZb b' {dk M'nfi | I a'

Adk Ml k bB| I Xbu-I b` | xk M'y'h-I fZxi ZI b' yfQ\_{'p'XMl M'Oyhp'ÜÜ° ÜB°h-I dSb| I Xbu-I b` y\_ I Xb'k ZY'  
y{-ji | k' \_j'xb'yp\_ZxYSÜ'Y'\_ I Xb'k ZY' | I `k ZI I | I | k' n` 'Oas\_ Z\_{b'yp\_ZxY°: I I | xZ\_{b'fbl yjM'n` \_tj' I bi Zk | x'd  
j'hp'yZb I M'k Zb°

) fZxb{MIMQ{© ä y{-ji | xpXZl ` b'yzk' y{M\_yk ZI I 'UMI MfZxi XMl fZjHMaFZxh' yb I b' Bk' Zx'M' xT YMY\X'  
y{-ji I M'apu'n` 'Ml M' y{xO M'apu'yzk' fZxYMn` Zb I 'apu| xXxZl ` hMh` Zb I 'apu| xy{-ji I M' ZtxYb'OafZxh' y| k' xb  
ZI T` hMjZ' | x{dk b' Z\_y{ 'n` \_tsjXb| I `k ZI I M'

@M\_yk ZI I S\_tsjXn` fbl | fZbMIXb© | Yx-I '=pxyXp{{b'BI `k ZI I M) ~ySM' i 'Ml M'y{M\_yk Ml yyzk' k | I \_O'  
jMl I \_xOGb I | yi pjMl | k' fZ' I MfZxi y{tpxl M°

GZxi ZI bY© XfZI { | xZ' {aZxM' t' Z'xa| `k tI XMl T Yb' yzk' | I I b' ZxZ\_{b° @M\_yk ZI I ) -I M\*\*k | I | i ZI I M'  
M'k ZI I M'ypk ZI I yi | S'M' j'bMM'-(bdl Q{-x| I I b'n` 'M' vQ{{Ml ZI X| xi tI I b' {k' sxi | I | k' yd | k' k' sxi | k' ZI '  
Zb I b' \_b I bZb I b' yd M'y{txi jZb M'BI `k ZI I b' \_OXMUT i | x'n` k' | I | yi xb\_M'S{Zb I M'Sk tI XMh` {MIM} uu'



